*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 130/1011*
*komudagur 20. 2. 2004*

Nefndarsvið alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. febrúar 2004
*Tilv. 2004020205 /0.2*

**Efni: Umsögn um frumvarp til áfengislaga, 163. mál, aldursmark**

Stjórn ÁTVR lýsti skoðun sinni á lágmarksaldri til áfengiskaupa í ársreikningi stofnunarinnar árið 1997, en þar segir m.a.

> Íslendingar taka sívaxandi þátt í samfélagi þjóða. Sú þátttaka er ekki takmörkuð við samninga eða sáttmála. Fyrst og fremst gætir áhrifanna í sívaxandi beinum samskiptum í formi ferðalaga eða dvalar til lengri eða skemmri tíma við nám og störf. Við þessar aðstæður er óheppilegt að persónuréttindi verði ekki samræmd landa á milli svo sem kostur er. Lágmarksaldur til áfengiskaupa í dag er 20 ár þrátt fyrir að undantekningalítið sé sá aldur 18 ár í löndum Evrópu.

Núverandi stjórn ÁTVR fylgir sömu stefnu og sú stjórn sem var 1997.

Virðingarfyllst,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Ívar J. Arndal

SKRIFSTOFUR
STUÐLAHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK
SÍMI 560 7700 FAX 560 7757
www.vinbud.is • atvr@atvr.is

ÁTVR